

14. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

14. fundur landbúnaðarnefndar var haldinn 25. Ágúst 2020 í Huppusal. Nefndin mætti, Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson, ásamt fjallkóngi, Jóni Bjarnasyni.

Dagskrá fundarins:

1. Fjallferð

- a. Fjallferðin getur farið fram með nokkuð hefðbundnum hætti eins og áður sagði.
 - i. Trússarar sjá til þess að spritta alla snertifleti reglulega.
- b. Fjallmönnum var raðað niður í leitir, suður, norður og austurleitir. Þeir sem óskuðu eftir ákveðinni leit fengu hana. Leitarseðill verður auglýstur á næstu dögum.
- c. Nýjir trússarar koma inn í ár og því ákveðið að halda fund með öllum trússurum 26. ágúst nk.

2. Réttir

- a. Búið að búa til leiðbeiningar varðandi fjallferð og réttarstörf. Beðið er eftir samþykki sveitarsjórnar og síðan verða þær auglýstar á allra næstu dögum.
- b. Hámark 99 manns mega taka þátt í réttarstörfum. Fjallmenn eru 40 talsins og hafa þeir þáttökurétt í réttunum. Hver bær fær 2 fasta fulltrúa í réttunum fyrir utan sína fjallmenn. Þeir bæir sem hafa fleiri en 100 fullorðnar ær fá einn fulltrúa á hverjar 60 ær sem sendar voru í afréttinn. Fjöldi fulltrúa frá hverjum bæ verður auglýstur á næstu dögum.

3. Girðingamál

- a. Finna dagsetningu til að fara inná afrétt og yfirfara girðingar.

Fundi slitið klukkan 23.00